

TRAUST TIL ALÞINGIS

Maí 2013



FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS





HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN



Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Alþingi
Markmið	Mat á því hvaða ástæður búa að baki litlu trausti til Alþingis
Dagsetning	10. maí 2013

Ábyrgðaraðilar

Framkvæmd	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
Undirbúningur og gagnaöflun	Andrea G. Dofradóttir, Ágústa Edda Björnsdóttir og Hrefna Guðmundsdóttir
Hreinsun gagna	Ásdís A. Arnalds og Hrefna Guðmundsdóttir
Skýrslugerð	Hrefna Guðmundsdóttir





EFNISYFIRLIT

Helstu niðurstöður	6
Framkvæmd	8
Rýnihópar	8
Markmið	8
Aðferð	8
Skráning og úrvinnsla gagna	9
Þjóðmálakönnun Félagsvísindastofnunar	9
Framkvæmd og heimtur	9
Úrvinnsla	11
Bakgrunnsupplýsingar	12
Niðurstöður	16
Traust til Alþingis – opin svör í net- og símakönnun	16
Þingmennirnir	17
Vinnulag þingmanna	17
Trú á lýðræði	17
Núverandi ríkisstjórn	18
Alþingi sem stofnun	18
Lítið traust til Alþingis – rýnihópar og opin svör í net- og símakönnun	18
Samskiptamáti og framkoma þingmanna	19
Vinnulag	21
Ómálefnaleg umræða á Alþingi	24
Lítið traust til Alþingis – net- og símakönnun	26
Bakgrunnsgreining	32

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Traust

- Aðeins 14% svarenda í net- og símakönnuninni sögðust bera traust til Alþingis. Rétt rúmlega einn af hverjum 10 (12%) báru frekar mikið traust til þess en tæp 2% báru mjög mikið eða fullkomið traust til Alþingis.
- Þeir sem sögðust treysta Alþingi voru spurðir hvað réði mestu um traust þeirra. Svarendur í net- og símakönnuninni gáfu upp ýmsar ástæður sem í meginatriðum var hægt að skipta í fimm flokka. Í fyrsta lagi snéri traustið að þingmönnum sjálfum, í öðru lagi að vinnulagi þingmanna, í þriðja lagi að lýðræði, í fjórða lagi að starfi ríkisstjórnarinnar og í fimmta og síðasta lagi að Alþingi sem stofnun.

Lítið traust til Alþingis

- Meirihluti svarenda (76%) bar lítið eða alls ekkert traust til Alþingis. Rúmur þriðjungur (37%) sagðist bera frekar lítið traust til þess. Fjórðungur (23%) bar mjög lítið traust til þess og 16% báru alls ekkert traust til þess.
- Karlar voru aðeins líklegri en konur til að bera alls ekkert traust til Alþingis. Svarendur sem höfðu lokið verklegu framhaldsskólanámi, starfsnámi eða grunnskólaprófi báru síður traust til Alþingis en fólk sem hafði lokið annars konar menntun. Þá kom fram mikill munur eftir stjórnarmálaskoðun en fylgjendur Samfylkingarinnar og Vinstri grænna sem voru í stjórn þegar könnunin fór fram voru mun líklegri til að bera traust til Alþingis en þeir sem ætluðu sér að kjósa aðra flokka.

Markmið rannsóknarinnar var fyrst og fremst að skoða hvaða ástæður búa að baki vantrausti fólks til Alþingis.

- Meirihluti þeirra þátttakenda í net- og símkönnuninni sem báru ekki traust til Alþingis sögðu vantraustið beinast að frekar miklu eða mjög miklu leyti að samskiptamáta þingmanna (79%), vinnulagi á Alþingi (72%), stjórnarþingmönnum (67%), þingmönnum almennt (65%) og stjórnarandstöðupingmönnum (60%). Tæpur þriðjungur (29%) sagði vantraust beinast að frekar miklu eða mjög miklu leyti að Alþingi sem stofnun.
- Allir þátttakendur nema þeir sem sögðust bera mikið eða fullkomið traust til Alþingis í síma- og netkönnuninni voru spurðir hvort ýmsir þættir myndu auka traust þeirra til Alþingis. Þeir þættir sem mikill meirihluti þátttakenda í net- og símakönnuninni sögðu að myndu auka traust þeirra mikið eða nokkuð snúa allir að samskiptamáta þingmanna, framkomu þeirra og vinnulagi.

Niðurstöður umræðna í tveimur rýnihópum og í net- og símakönnuninni voru mjög samhljóðandi. Út frá þeim má segja að vantraust beinist fyrst og fremst að:

- Samskiptamáta og framkomu þingmanna
- Vinnulagi á þingi
- Ómálefnalegri umræðu á þingi.

Samskiptamáti og framkoma þingmanna

- Í net- og símakönnuninni sögðu 79% svarenda að vantraust þeirra beindist að mjög eða frekar miklu leyti að samskiptamáta þingmanna. Jafnframt kom skýrt fram í greiningu á umræðum í rýnihópum og opnum svörum um ástæður vantrausts að ein helsta ástæðan fyrir því að fólk vantreysti Alþingi var samskiptamáti og framkoma þingmanna. Þá var fyrst og fremst verið að vísa til þess hve mikið virðingarleysi þingmenn sýndu hver öðrum og að þeir stæðu í sífelldu óþarfa rífrildi og „skítkasti“ á kostnað málefnalegrar umræðu og samvinnu.

Vinnulagi á þingi

- Í net- og símakönnuninni sögðu 39% svarenda að vantraust þeirra beindist að mjög miklu leyti að vinnulagi þingmanna og 72% töldu vantraust þeirra beinast að vinnulagi að mjög eða frekar miklu leyti. Í greiningu á umræðum í rýnihópum og opnum svörum um ástæður vantrausts til Alþingis kom fram að þátttakendum þóttu þingmenn ekki hlusta á almenning og væru þar af leiðandi ekki í nægilegum tengslum við fólkið í landinu, forgangsröðun á þingi væri röng og að þingmenn væru ekki nægilega vel að sér í þeim málum sem væru helst til umræðu. Að lokum þótti vinnulag á þingi einnig einkennast af aðgerða- og getuleysi þingmanna til að fylgja eftir og klára mál auk þess sem þingmenn þóttu ekki standa við gefin loforð.

Ómálefnaleg umræða á þingi

- Að lokum var vantraust þátttakenda komið til vegna þess að þeim þótti umræða á þingi ómálefnaleg. Þennan þátt mætti einnig flokka undir vinnulag en hann er tekinn sérstaklega út hér þar sem hann var mjög áberandi bæði í umræðuhópunum tveimur og í opnum svörum þátttakenda í net- og símakönnuninni. Í þessu sambandi kom fram að umræður á þingi væru ómarkvissar og sundurlausar. Margir þátttakendur vísuðu til þess að mikið væri um málþóf á kostnað samvinnu og þess að unnið væri markvisst að málum með hagsmuni þjóðarinnar að leiðarljósi. Þá var einnig áberandi í umræðunum og í svörum þátttakenda í net- og símakönnuninni að vantraust til Alþingis var komið til vegna þess að alþingismenn settu eiginhagsmuni og málefni flokksins framar því sem raunverulega skipti máli að mati þátttakenda.

FRAMKVÆMD

Könnun á trausti til Alþingis var gerð í febrúar og mars 2013 og var hún tvískipt. Annars vegar voru átján spurningar varðandi traust til Alþingis lagðar fyrir tilviljunarúrtak í Þjóðmálakönnun Félagsvísindastofnunar og hins vegar fóru fram umræður í tveimur rýnihópum meðal fólks sem treystir Alþingi lítið. Markmiðið var annars vegar að meta traust til Alþingis meðal almennings og hins vegar að grennslast fyrir um hverjar væru helstu ástæður fyrir því að fólk ber lítið traust til Alþingis.

Rýnihópar

Rýnihópar eru eigindleg rannsóknaraðferð sem byggist á umræðum einstaklinga í hóp um ákveðið málefni. Með rýnihópaviðtölum er hægt að fá fram mikið af upplýsingum á skömmum tíma og annars konar innsýn í skoðanir fólks en fæst með spurningakönnunum. Rýnihópar henta sérstaklega vel í verkefnum þegar markmiðið er að fá innsýn í hvernig fólk hugsar um afmarkað viðfangsefni.

Markmið með rýnihópum er aldrei að alhæfa niðurstöður yfir á stærri hóp. Markmiðið er fyrst og fremst að fá innsýn og hugmyndir í tengslum við ákveðið viðfangsefni. Einnig geta niðurstöðurnar gefið vísbendingar um að málum sé líkt farið hjá öðrum í svipaðri aðstöðu

Markmið

Umræður meðal fólks sem treystir Alþingi lítið fóru fram í tveimur rýnihópum. Einum áður en Þjóðmálakönnun Félagsvísindastofnunar fór af stað og einum eftir að niðurstöður þeirrar könnunar lágu fyrir. Markmiðið með þeim fyrri var fyrst og fremst að fá fram hugmyndir sem gætu nýst við gerð þeirra spurninga sem lagðar voru fyrir í net- og símakönnun Þjóðmálakönnunarinnar. Markmiðið með báðum hópunum var að fá fram hvaða ástæður búa að baki litlu vantrausti til Alþingis

Aðferð

Boðað var í rýnihópana eftir tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá. Fyrri umræðurnar fóru fram 18. janúar 2013. Í þeim hópi voru sjö þátttakendur á aldrinum 28-55 ára, fjórir karlar og þrjár konur. Í seinni umræðunum sem fóru fram 10. apríl voru sex þátttakendur á aldrinum 27 til 48 ára, þrjár karlar og þrjár konur. Hringt var í þátttakendur eftir tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá og þeir beðnir að taka þátt í umræðuhópum um traust til Alþingis. Tólf manns voru boðaðir í hvorn rýnihóp. Umræðurnar fóru fram í fundarherbergi Félagsvísindastofnunar HÍ og stóðu þær í eina og hálfu klukkustund í hvorum hópi. Viðtölin hófust á inngangi þar sem umræðustjóri skýrði tilgang og ávinning

rannsóknarinnar og það þátttakendur að kynna sig. Þessu var síðan fylgt eftir með spurningum og umræðum er snéru að trausti til Alþingis.

Skráning og úrvinnsla gagna

Umræðurnar voru teknar upp og afritaðar orðrétt. Hvert viðtal var lesið vandlega yfir og meginatriði þess dregin fram með því að gefa textabútum nafn, en slík vinnuaðferð nefnist kóðun. Í framhaldi voru allar kóðanir hópanna tveggja flokkaðar í meginþemu og undirþemu þegar það á við. Meginþemun í þessari skýrslu snúa að þeim þáttum sem búa að baki vantrausti fólks til Alþingis.

Viðmælendum var heitið trúnaði og verða viðtölin hvergi birt í heild sinni. Við skrif upp úr viðtölunum eru þátttakendur ekki nafngreindir, né er vitnað beint í þá ef talið er að hægt sé að rekja upplýsingarnar til viðkomandi. Niðurstöður verða þess vegna birtar sem sjónarmið hóps í stað þess að lýsa skoðunum ákveðinna einstaklinga.

Þjóðmálakönnun Félagsvísindastofnunar

Í Þjóðmálakönnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands er spurt um ýmis samfélagsleg málefni og það sem efst er á baugi hverju sinni. Í febrúar 2013 var meðal annars spurt um traust til Alþingis. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum þeirra spurninga.

Framkvæmd og heimtur

Þjóðmálakönnun byggist annars vegar á fyrirlögn í gegnum síma en tekið var 1.200 manna einfalt tilviljunarúrtak úr þjóðskrá. Hringt var í þá sem lentu í úrtaki og þeir beðnir að svara spurningum könnunarinnar. Hins vegar var tekið 1.200 manna lagskipt tilviljunarúrtak úr netpanel Félagsvísindastofnunar. Netpanell Félagsvísindastofnunar samanstendur af fólki 18 ára og eldra á landinu öllu sem hefur samþykkt að taka þátt í netkönnunum á vegum Félagsvísindastofnunar. Netpanellinn byggist á tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá. Söfnun í netpanel á sér stað jafnt og þétt og fylgst er vel með samsetningu hans. Meðal annars er þess gætt að dreifing kyns, aldurs, búsetu, menntunar og tekna sé sem líkust því sem hún er meðal allra landsmanna, 18 ára og eldri. Með því að tryggja gæði netpanelsins með framangreindum hætti er möguleiki á að alhæfa um niðurstöður rannsókna sem byggjast á svörum úr honum.

Úrtakið var lagskipt eftir kyni, aldri og búsetu til þess að það endurspeglaði sem best samsetningu landsmanna. Gagnaöflun hófst 19. febrúar 2013 og lauk 4. mars 2013. Alls svöruðu 1283 og er svarhlutfall 55% (sjá töflu 1).

Tafla 1. Framkvæmd könnunarinnar

	Framkvæmdarmáti		Alls
	Netkönnun 19.02.13 -04.03.13	Símakönnun 19.02.13 -04.03.13	
Upplýsingasöfnun			
Fjöldi í úrtaki	1200	1200	2400
Fjöldi svarenda	651	632	1283
Brottfall	33	51	84
Svarhlutfall - brúttó	54%	53%	53%
Svarhlutfall - nettó	56%	55%	55% ¹

Í töflu 2 má sjá dreifingu meðal svarenda og í þýði eftir kyni, aldri og búsetu. Eins og sjá má er munur á aldursdreifingu svarenda og búsetu þeirra og landsmanna almennt. Gögnin voru því vigtuð eftir kyni, aldri, búsetu og menntun til þess að niðurstöður gæfu sem réttasta mynd af þýði.

Tafla 2. Samanburður á dreifingu eftir kyni, aldri, búsetu og menntun svarenda og þýðis

	Fjöldi svarenda	Hlutfall svarenda	Fjöldi í þýði	Hlutfall í þýði
Kyn				
Karl	644	50,2%	120.654	49,9%
Kona	639	49,8%	121.224	50,1%
Aldur***				
18-29 ára	211	16,4%	56.138	23,2%
30-39 ára	237	18,5%	44.287	18,3%
40-49 ára	219	17,1%	42.251	17,5%
50-59 ára	271	21,1%	41.077	17,0%
60-69 ára	204	15,9%	29.869	12,3%
70 ára og eldri	141	11,0%	28.477	11,8%
Búseta*				
Höfuðborgarsvæði	770	60,1%	155.343	64,2%
Landsbygð	511	39,9%	86.611	35,8%

Marktækur munur er á fjölda svarenda og fjölda í þýði; * $p < 0.05$, ** $p < 0.01$, *** $p < 0.001$

¹ Til brottfalls teljast þeir einstaklingar í úrtaki sem tala ekki íslensku, búa erlendis og eru veikir eða látnir. Fjöldi þeirra dregst frá upphaflegri úrtaksstærð og er nettó svarhlutfall reiknað miðað við það.

Úrvinnsla

Svör í könnuninni voru greind með þeirri tölfræði sem er viðeigandi fyrir hverja spurningu. Í töflum skýrslunnar eru hlutfallstölur reiknaðar út frá vigtuðum niðurstöðum. Eins og komið hefur fram þá voru gögnin vigtuð eftir kyni, aldri, búsetu og menntun til þess að niðurstöður gæfu sem réttasta mynd miðað við dreifingu þessara þátta í þýði. Þá er búið að gera útreikninga þannig að svör þátttakenda hafi hlutfallslegt vægi sem samsvarar dreifingu í þýði. Aðeins eru birt svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar. Af þeim sökum er mismunandi fjöldi svara á bakvið hverja töflu.



Bakgrunnsgreiningartöflur sýna vigtuð hlutföll og fjölda svara skipt niður eftir bakgrunnspáttunum trausti til Alþingis, kyni, aldri, búsetu, hjúskaparstöðu, menntun, stöðu á vinnumarkaði, starfsstétt, einstaklingstekjum, heimilistekjum og stjórnmalaskoðun. Sums staðar sýna súlurnar í myndunum samlagningu tveggja hlutfalla sem birtast í töflunni. Í þeim tilvikum getur það gerst að hlutfallið við súlurnar sé ekki nákvæmlega það sama og það hlutfall sem fæst þegar hlutföllin í töflunni eru lögð saman. Ástæða þessa er að í töflunum er námundað að næsta aukastaf.

Marktektarprófið kí-kvaðrat var notað til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Ef tölfræðileg marktekt kemur fram er það gefið til kynna með stjörnumerkjum. Ein stjarna þýðir að innan við 5% líkur séu á því að munur sem sést í hópi svarenda sé kominn til af tilviljun ($p < 0,05$). Með öðrum orðum getum við sagt með 95% vissu að sá munur sem birtist í úrtakinu sé einnig til staðar meðal Íslendinga í febrúar 2013. Tvær stjörnur þýða að munurinn sé marktækur miðað við 99% öryggi ($p < 0,01$) og þrjár stjörnur þýða að fullyrða megi með 99,9% vissu að munurinn sé til staðar í þýði ($p < 0,001$).







Bakgrunnsupplýsingar

Alls svöruðu 1263 þátttakendur spurningunum sem snéru að trausti til Alþingis eða tuttugu færri en svöruðu öðrum spurningum í netkönnuninni.



Tafla 3. Kyn

	Fjöldi		Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
	fyrir vigtun	efir vigtun			
Karl	633	619	50%	2,8%	 50%
Kona	630	613	50%	2,8%	 50%
Alls	1263	1232	100%		

Tafla 4. Aldur

	Fjöldi		Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
	fyrir vigtun	efir vigtun			
18-29 ára	208	194	16%	2,0%	 16%
30-39 ára	228	225	18%	2,2%	 18%
40-49 ára	217	212	17%	2,1%	 17%
50-59 ára	269	268	22%	2,3%	 22%
60-69 ára	201	200	16%	2,1%	 16%
70 ára og eldri	140	134	11%	1,7%	 11%
Alls	1263	1232	100%		

Tafla 5. Búseta

	Fjöldi		Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
	fyrir vigtun	efir vigtun			
Höfuðborgarsvæði	754	734	60%	2,7%	 60%
Landsbyggð	508	497	40%	2,7%	 40%
Fjöldi svara	1262	1231	100%		
Erlendis	1	1			
Alls	1263	1232			

Tafla 6. Hver er hjúskaparstaða þín?

	Fjöldi		Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
	fyrir vigtun	eftir vigtun			
Einhley p(ur)	219	209	17%	2,1%	17%
Í sambúð	242	236	20%	2,2%	20%
Gift(ur)/kvænt(ur)/í staðfestri samvist	680	662	55%	2,8%	55%
Skilin/n eða ekill/ekkja	96	100	8%	1,6%	8%
Fjöldi svara	1237	1207	100%		
Svarar ekki	26	25			
Alls	1263	1232			

Tafla 7. Hvaða námi hefur þú lokið?

	Fjöldi		Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
	fyrir vigtun	eftir vigtun			
Grunnskólaprófi	264	258	22%	2,3%	22%
Starfsnámi eða sérskólanámi	74	72	6%	1,4%	6%
Verklegu framhaldsskólanámi	204	202	17%	2,1%	17%
Bóklegu námi á framhaldsskólastigi	183	180	15%	2,0%	15%
Prófi úr sérskólum á eða við háskólastig	59	56	5%	1,2%	5%
Grunnnámi í háskóla (BA/BS)	286	276	23%	2,4%	23%
Framhaldsnámi í háskóla	150	146	12%	1,9%	12%
Fjöldi svara	1220	1189	100%		
Svarar ekki	43	43			
Alls	1263	1232			

Tafla 8. Hver er staða þín á vinnumarkaði?

	Fjöldi		Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
	fyrir vigtun	eftir vigtun			
Launþegi	732	714	60%	2,8%	60%
Sjálfstætt starfandi	86	85	7%	1,5%	7%
Atvinnurekandi	55	56	5%	1,2%	5%
Er í námi	102	101	8%	1,6%	8%
Hætt(ur) að vinna vegna aldurs	159	151	13%	1,9%	13%
Öryrki	43	43	4%	1,1%	4%
Atvinnulaus	31	28	2%	0,9%	2%
Í mæðra-/feðraorlofi/heimavinnandi	22	21	2%	0,7%	2%
Fjöldi svara	1230	1199	100%		
Annað	9	10			
Svarar ekki	24	23			
Alls	1263	1232			

Tafla 9. Við hvað starfar þú?

	Fjöldi		Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
	vigtun	efir vigtun			
Stjórnandi eða sérfræðingur	369	362	43%	3,4%	43%
lónaðarmaður, sérhæfður starfsmaður eða tæknir	167	168	20%	2,7%	20%
Skrifstofu-, sölu- eða þjónustufólk	224	218	26%	3,0%	26%
Bændur, sjómenn, véla- og verka fólk	92	88	11%	2,1%	11%
Fjöldi svara	852	836	100%		
Annað	7	7			
Hætt(ur) að vinna vegna aldurs	159	151			
Atvinnulaus	31	28			
Er í námi	102	101			
Í mæðra/feðraorlofi/heimavinnandi	22	21			
Öryrki	43	43			
Veit ekki	3	3			
Svarar ekki	44	42			
Alls	1263	1232			

Tafla 10. Hverjar eru heildartekjur þínar á mánuði að jafnaði fyrir skatt?







	Fjöldi		Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
	fyrir vigtun	efir vigtun			
Lægri en 250 þús. kr.	80	76	13%	2,8%	13%
250-349 þús. kr.	99	100	17%	3,1%	17%
350-449 þús. kr.	133	130	23%	3,4%	23%
450-549 þús. kr.	88	90	16%	3,0%	16%
550 þús. kr. og hærri	180	175	31%	3,8%	31%
Fjöldi svara	580	572	100%		
Ekki á vinnumarkaði	366	354			
Svarar ekki	317	306			
Alls	1263	1232			

Tafla 11. Hverjar eru heildartekjur þínar og maka þíns að jafnaði á mánuði fyrir skatt? (Hér eru notaðar einstaklingstekjur þeirra sem eiga ekki maka)

	Fjöldi		Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
	fyrir vigtun	efir vigtun			
Lægri en 350 þús. kr.	61	57	11%	2,6%	11%
350-599 þús. kr.	142	140	27%	3,8%	27%
600-999 þús. kr.	207	203	38%	4,1%	38%
1 milljón kr. og hærri	129	129	24%	3,7%	24%
Fjöldi svara	539	529	100%		
Ekki á vinnumarkaði	366	354			
Svarar ekki	358	349			
Alls	1263	1232			

Þegar greint er eftir stjórnmalaskoðun er byggt á svörum þátttakenda við tveimur spurningum. Fyrst eru þátttakendur spurðir hvaða flokk eða lista þeir myndu kjósa ef alþingiskosningar væru haldnar á morgun. Óákveðnir svarendur eru síðan spurðir áfram að því hvaða flokk eða lista þeir telja líklegast að þeir myndu kjósa ef gengið yrði til kosninga á morgun.

Tafla 12. Hvaða flokk myndir þú kjósa ef gengið væri til kosninga á morgun? (Samanlögð svör við tveimur spurningum)

	Fjöldi		Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
	fyrir vigtun	eftir vigtun			
Sjálfstæðisflokkinn	239	236	29%	3,2%	 29%
Framsóknarflokkinn	188	180	22%	2,9%	 22%
Samfylkinguna	129	129	16%	2,5%	 16%
Bjarta framtíð	100	97	12%	2,3%	 12%
Vinstri hreyfinguna - Grænt framboð	84	80	10%	2,1%	 10%
Annan flokk eða framboð	84	81	10%	2,1%	 10%
Fjöldi svara	824	803			
Myndi ekki kjósa	33	32			
Myndi skila auðu eða ógildu	100	91			
Veit ekki	234	233			
Svarar ekki	72	73			
Alls	1263	1232			

NIÐURSTÖÐUR

Eins og sjá má í töflu 13 báru afar fáir eða rúmlega 1% mjög mikið eða fullkomið traust til Alþingis. Aðeins 12% báru frekar mikið traust til þess. Meirihluti svarenda bar frekar eða mjög lítið traust til Alþingis (60%) og um 16% sögðust alls ekkert traust bera til Alþingis.

Tafla 13. Hversu mikið eða lítið traust berð þú til Alþingis?

	Fjöldi		Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
	fyrir vigtun	eftir vigtun			
Fullkomið traust	3	4	0%	0,3%	0%
Mjög mikið traust	17	16	1%	0,7%	1%
Frekar mikið traust	148	143	12%	1,9%	12%
Hvorki mikið né lítið traust	115	115	10%	1,7%	10%
Frekar lítið traust	436	428	37%	2,8%	37%
Mjög lítið traust	280	268	23%	2,4%	23%
Alls ekkert traust	193	181	16%	2,1%	16%
Fjöldi	1192	1156	100%		
Veit ekki	47	49			
Svarar ekki	24	27			
Alls	1263	1232			

Karlar (18%) voru aðeins líklegri en konur (13%) til að bera alls ekkert traust til Alþingis. Fólk sem hafði lokið verklegu framhaldsskólanámi (11%) starfsnámi (8%) eða grunnskólaprófi (9%) voru ólíklegri en aðrir menntunarhópar (19-21%) til að bera traust til Alþingis. Þá kom fram mikill munur eftir stjórnmalaskoðun en fylgjendur Samfylkingarinnar (26%) og Vinstri grænna (39%) sem voru í stjórn þegar könnunin fór fram voru mun líklegri til að bera traust til Alþingis en þeir sem ætluðu sér að kjósa aðra flokka (10-14%) (sjá töflu 16 bls. 30).

Traust til Alþingis – opin svör í net- og símakönnun

Þátttakendur í net- og símakönnuninni sem sögðust bera frekar mikið, mjög mikið eða fullkomið traust til Alþingis voru spurðir hvað réði mestu um traust þeirra. Af þeim 163 sem báru traust til Alþingis gáfu 98 þeirra upp hvað réði þar mestu. Skipta má svörum þátttakenda við spurningunni grófllega í fimm flokka. Í fyrsta lagi snéri traustið að þingmönnum sjálfum, í öðru lagi að vinnulagi þingmanna í, þriðja lagi að lýðræði, í fjórða lagi að starfi ríkisstjórnarinnar og í fimmta og síðasta lagi að Alþingi sem stofnun. Í umræðuhópnum voru aðeins þátttakendur sem báru

lítið traust til Alþingis og því byggist greining á trausti eingöngu á svörum þátttakenda í net- og símakönnuninni sem sögðust bera frekar mikið, mjög mikið eða fullkomið traust til Alþingis.

Þingmennirnir

All nokkrir eða 24 svarendur sögðu að traust til þingmanna réði mestu um traust þeirra til Alþingis. Í því sambandi var meðal annars talað um að fólk treysti því að þingmenn væru að vinna starf sitt vel af hendi, þeir væru að gera sitt besta og hefðu staðið sig vel.

[Það ræður mestu] að þingmenn sjái um sitt starf og ég treysti því að þingmenn sjái vel um sín störf. (Net- og símakönnun)

Ég held að þetta sé fólk sem hefur áhuga og þekkingu á því sem það er að gera. (Net- og símakönnun)

Ég tel að þar sé almennt hæft fólk sem sé að gera sitt besta í erfiðri stöðu. (Net- og símakönnun)

Það eru einstaklingar þarna sem maður treystir til þess að taka ákvarðanir, þrátt fyrir allt. (Net- og símakönnun)

Vinnulag þingmanna

Af sama meiddi voru svör þátttakenda sem sögðu málflutning þingmanna og afgreiðslu mála vera ástæðan fyrir trausti þeirra til Alþingis. Jafnframt sögðu nokkrir að umræðan væri málefnaleg og að þar væri fólk sem ynni samkvæmt sinni sannfæringu.

Þeim hefur tekist ágætlega að afgreiða málin. Umræðan verið málefnaleg. (Net- og símakönnun)

Mér finnst flestir vera einlægir í sínum málflutningi. (Net- og símakönnun)

Fólk vinnur samkvæmt sinni sannfæringu. (Net- og símakönnun)

Hef kynnst því nokkrum sinnum að þingmenn hafa kynnt sér mikilvæg mál og breytt samkvæmt því. (Net- og símakönnun)

Trú á lýðræði

Einnig vísuðu um tuttugu svarendur til þess að traust þeirra til Alþingis byggðist á lýðræðislegum grunni þess. Þar starfaði fólkið sem landsmenn veldu og því yrði að treysta.

Við fáum að kjósa þetta fólk sem er inni á Alþingi og eigum að treysta því. (Net- og símakönnun)

Lýðræðið, er lýðræðissinni. Einstaklingar sem eru þjóðkjörnir hljóta að geta unnið úr vandamálunum fyrir hönd fólksins. (Net- og símakönnun)

Maður verður að reyna að treysta því fólki sem er kosið í þetta. (Net- og símakönnun)

Núverandi ríkisstjórn

Traust ellefu svarenda byggðist á því hvaða flokkar eru við stjórnvölinn. Töldu þeir ríkisstjórnina hafa staðið sig vel undanfarin ár og að hægt væri að treysta vinstri stjórn til að starfa án spillingar.

Flokkarnir sem eru þar núna og hvernig þeir hafa hagað málunum síðustu 4 ár. (Net- og símakönnun)

Ég treysti núverandi meirihluta - ekki stjórnarandstöðunni. Óþolandi skítkast manna á milli og virðingaleysi. Alþingismenn eiga að vera yfir slíkt hafnir. Ég treysti skynsömu félagshyggjufólki. (Net- og símakönnun)

Held að þeir sem stjórna á Alþingi núna séu að reyna að hreinsa upp eftir spillinguna sem þreifst áður hjá ýmsum sem voru í vinnu þar, en það þyrfti þó að hreinsa meira til svo hægt væri að bera fullt traust til Alþingis!!! (Net- og símakönnun)

Það er vinstri stjórn og þá erum við laus við spillingu. (Net- og símakönnun)

Alþingi sem stofnun

Tíu svarendur sem báru traust til Alþingis sögðust gera það vegna þess að þeir tryðu á að stofnunin virkaði, hún stæði á gömlum merg og að þar væri starfað eftir laga- og regluumhverfi sem hægt væri að treysta.

Ég trúi að stofnunin virki. (Net- og símakönnun)

Formuð stofnun byggð á góðum grunni. (Net- og símakönnun)

Það laga- og regluumhverfi sem Alþingi og alþingismenn starfa eftir. (Net- og símakönnun)

Það stendur á gömlum merg. (Net- og símakönnun)

Lítið traust til Alþingis – rýnihópar og opin svör í net- og símakönnun

Við greiningu á vantrausti til Alþingis er fléttað saman niðurstöðum úr umræðuhópunum tveimur og net- og símakönnuninni. Þeim er þó haldið aðgreindum í textanum hér á eftir bæði til að gefa fleiri dæmi um hvernig fólk orðaði/skrifaði hlutina og eins er áhugavert að sjá hvað svör þátttakenda í net- og símakönnuninni eru samhljóða og jafnframt í samræmi við það sem fólk sagði í umræðunum.

Þátttakendur í net- og símakönnuninni sem sögðust bera frekar lítið, mjög lítið eða alls ekkert traust til Alþingis auk þeirra sem svöruðu „hvorki né“ voru spurðir hvað réði mestu um vantraust þeirra. Af þeim 992 sem báru lítið traust til Alþingis eða sögðust hvorki bera traust né vantraust til þess gáfu 833 þeirra upp hvað réði þar mestu.

Vantraust þátttakenda í net- og símakönnuninni og rýnihópunum tveimur beindist í megindráttum að þemur þáttum: Samskiptamáta þingmanna, vinnubrögðum þingmanna og ómálefnalegri umræðu á þingi.

Samskiptamáti og framkoma þingmanna

Þátttakendur í báðum umræðuhópunum komu endurtekið að því að samskiptamáti þingmanna væri helsta ástæða þess að þeir báru ekki mikið traust til Alþingis.

Virðingarleysi í samskiptum þingmanna

Í þessu sambandi var ítrekað talað um virðingarleysi þingmanna gagnvart skoðunum hvers annars. Það þótti meðal annars koma fram í þingmenn stæðu frekar í „skítkasti“ og „karpí“ en málefnalegri umræðu og að samskiptum þeirra væri best lýst með því að þeir væru í sandkassaleik.

Mér finnst einhvern veginn eins og umræðan sé ekki eins málefnaleg og hún var. ...Meira bara hjólað í manninn en ekki málefnið og svona... (Hópur 1)

[Alþingi stendur í mínum huga fyrir] endalaust karp, sandkassaleik og spillingu. (Hópur 1)

Það fyrsta sem kom í huga minn var rífrildi og virðingaleysi. (Hópur 1)

Þú veist... þetta er bara sandkassaleikur og skítkast og þú veist, hver er stærstur og sterkastur. (Hópur 2)

Virðingarleysi þingmanna þótti jafnframt koma fram í því að þeir hlustuðu ekki hver á annan og að það virtist enginn samstarfsvilji óháð flokkapólitík vera fyrir hendi.

... það skiptir engu máli hvort að það er stjórnarliðar eða sko meirihluti eða minnihluti ... það er einhvern veginn þetta virðingaleysi fyrir skoðunum annarra og þetta að geta ekki hlustað. (Hópur 1)

Það myndi sýna sko styrk... þingmanns, ef andstæðingur hans kemur með punkt og hann segir: „Já ég er sammála þessu, þetta er góð hugmynd hjá þér“... Eða jafnvel skipta um skoðun. Það hefur enginn skipt um skoðun... á Alþingi. Ja sko allavega ekki í pontunni sko. (Hópur 2)

En maður hefur það rosalega sterklega á tilfinningunni að það sé svo mikil innanhússpólítík, það sé svo mikill slagur og það sé aldrei neinn vilji til að almennilega koma saman. (Hópur 2)

Í net- og símakönnuninni var þessi þáttur einnig mjög áberandi í opnum svörum þátttakenda. Af þeim 833 sem gáfu upp skýringu á því hvers vegna þeir báru lítið traust til Alþingis var hægt að flokka 255 þeirra undir slæm samskipti eða framkomu á þingi. Allmargir sögðu ástæðu fyrir vantrausti þeirra vera virðingarleysi þingmanna hver fyrir öðrum sem meðal annars þykir koma fram í ljótu orðbragði, dónaskap og skorti á kurteisi. Einnig var algengt að fólk nefndi rífrildi, skort á samstarfsvilja, karp, fíflangang, barnaskap, skítkast, skrípalæti og að þingmenn „láti eins og leikskólakrakkar“ í svari sínu við spurningunni um hvað réði mestu um vantraust þess til Alþingis.

Alþingi er eins og baldinn bekkur í grunnskóla, þingmenn tala niður til hvors annars. (Net- og símakönnun)

Dónaskapur og vanvirðing þingmanna fyrir stöðu sinni og störfum. (Net- og símakönnun)

Ég hef á tilfinningunni að menn rífast frekar um menn en málefni og ekki nógu fagmannlega tekið á málum. Skítkast og leiðindi... (Net- og símakönnun)

Ég þoli ekki rifrildið á Alþingi. Allt ósamkomulagið og persónunið. (Net- og símakönnun)

Hegðun þingmanna og orðbragð. (Net- og símakönnun)

Manni er farin að ofbjóða öll þessi vitleysa. Hvernig Alþingi er orðið, þeir bera ekki virðingu fyrir hver öðrum. Það er hálfgerð ofbeldi og svívirðingar á fólk inni á þingi. Það er allt í lagi að vera ósammála en það á að tala af virðingu. (Net- og símakönnun)

Munnsöfnuður slæmur. Sandkassaleikur á milli manna í stað þess að vinna að verkefnum til þjóðarheillar. (Net- og símakönnun)

Persónulegt skítkast manna á milli. (Net- og símakönnun)

Virðingarleysi gagnvart kjósendum

Þá kom fram að það væri ekki traustvekjandi að þingmenn viðurkenndu ekki mistök sín eða tækju ekki afleiðingum gjörða sinna og sýndu þar með kjósendum virðingarleysi.

Maður bara skilur ekki hvað, ég meina, þú notar vitlaust visakort úti í Svíþjóð þá verðurðu að segja af þér sem þingmaður. Hérna geturðu stolið 1700 milljónum og þú þarft ekki að segja af þér. Hver eru skilaboðin segir maður nú bara. Það er þetta sem ég á við með virðingarleysi. (Hópur 1).

Ég man ekki eftir síðasta alþingismann sem sagði: „Ég gerði mistök. Ég biðst afsökunar“. Ég man ekki eftir því að ... eftir allt hrunsvesenið... og allt sem því fylgdi. Að einhver hefði nokkru sinni sagt: „Hluti af þessu var á okkar ábyrgð. Ég biðst afsökunar á því. (Hópur 2).

Ótrúlegt að fólk skuli sitja á Alþingi sem hefur þegið afskrifir og innleyst hlutabréf korteri fyrir hrun o.fl o.fl o.fl (Net- og símakönnun)

Í svörum þátttakenda í net- og símakönnuninni má greina að háttalag alþingismanna þykir ekki líklegt til að samvinna á þingi sé eins og best verður á kosið auk þess sem þeir sýni almenningi virðingarleysi með hegðun sinni.

Endalaust karp sem veldur töfum á afgreiðslu mála. Rifrildi um hver gerði hvað og hvað gerðist fyrir löngu síðan og hverjum það var að kenna eða þakka!!! Ókurteis framkoma sumra þingmanna og virðingaleysi fyrir okkur sem kusum þá til að vinna að hag þjóðarinnar!! (Net- og símakönnun)

Virðingarleysi sem alþingismenn sýna hver öðrum og þegnum þessa lands. (Net- og símakönnun)

Umræður alþingismanna á lágu plani og samvinna slæm. (Net- og símakönnun)

Ekki góð fyrirmynd

Þátttakendur voru sammála um að framkoma alþingismanna í garð hvers annars væri ekki til fyrirmyndar. Til að mynda var talað um að fólk væri gáttað á því hvers konar framkomu þeir leyfðu sér gagnvart hver öðrum og að á öðrum vinnustöðum myndi þessi framkoma ekki líðast.

Ég held þetta [skítkast] sé líka gegnumgangandi í þjóðfélaginu. Sjáið bara kommentakerfi DV. Við bara leyfum okkur allt einhvern veginn... og svo taka þeir þetta upp á Alþingi og þetta þykir bara lenska að skíta út andstæðinginn. (Hópur 1)

...líka bara að fólk er bara gáttað á því hvernig fólk [þingmenn] leyfir sér að tala og um hvað fólk leyfir sér að tala á Alþingi. Þetta er svo ómarkvisst. (Hópur 1)

Það er framkoman við hvern annan sem við erum að tala um. Á okkar vinnustöðum myndi ekki líðast sú framkoma sem að þeir sýna hver öðrum þarna á þessum virðulegasta stað okkar. Ég skrifa hérna, þetta sé upphaf virðingarleysis í þjóðinni. Og sem sagt þegar önnur að tveimur stofnunum hér í þjóðinni sem að eiga að njóta stærstu virðingar, forsetinn og Alþingi hagar sér svona þá verður þetta sjálfsagður hlutur líka hjá öðrum hér í þjóðfélaginu. (Hópur 2)

Alþingi Íslendinga endurspeglar verstu hliðar lágmenningarinnar í stað þess að vera fyrirmynd; mennta, verðir íslenskrar tungu, laga og reglu, mannasiða og það á að bera virðingu sjálft fyrir sínum vinnustað og samstarfsfólki sínu. Fólk sem ekki vinnur vinnuna sína á að reka. (Net- og símakönnun)

Vinnulag

Í umræðuhópunum og sérstaklega opnum svörum þátttakenda voru athugasemdir um vinnulag þingmanna áberandi en 259 opinna svara í net- og símakönnuninni mátti flokka undir vantraust vegna vinnubragða á þingi. Í því sambandi var meðal annars rætt og nefnt að vinnubrögð þóttu einkennast af kunnáttuleysi, aðgerðaleysi, ekki væri staðið við gefin loforð, að ekki væri hlustað á fólkið í landinu og að forgangsröðun mála á þingi væri röng.

Þingmenn hlusta ekki á fólkið í landinu

Samskiptamáti þingmanna og vinnulag eins og þátttakandur í umræðuhópunum lýstu því er til þess eins fallið að skapa fjarlægð á milli alþingismanna og almennings. Talað var um að þingmenn sýndu kjósendum virðingarleysi með vinnubrögðum sínum að því leyti að þeir hlustuðu ekki á fólk og virtust ekki vera í tengslum við almennig.

... og vera eitthvað tengdir við það umhverfi sem þeir koma úr og hætta að þú veist: „nú er ég kominn úr, upp í þessa stöðu og þá ætla ég bara að vera þar“. Sleppa þeirri hegðun og bara vera tengdir við umhverfið því að þess þurfi bara. (Hópur 1)

Ég myndi alveg vilja sjá þau nær mér. Nær okkur. Í þjóðfélaginu... Öðruvísi heldur en það að við kveikjum á sjónvarpinu og þetta sem blasir við okkur sé í salnum og fimm þeirra eru í símanum... Ég vildi sjá þá gefa sér að okkur. Mér finnst eins og of mikil fjarlægð. (Hópur 2)

Áhugavert er að sjá að samsvarandi skýringar komu fram hjá allmörgum þátttakendum í svörum fólks í net- og símakönnuninni á því hvers vegna það bar lítið traust til Alþingis.

Ekki nægilega hlustað á almúgann. (Net- og símakönnun)

... lítil þekking þingmanna á almenningi. (Net- og símakönnun)

Mér finnst of mikið bil milli alþingismanna og fólksins og ógegnisæ stjórnskipun landsins. alþingismenn hafa ekki tengsl við hagsmuni almennings. (Net- og símakönnun)

Þingmenn virðast ekki vera nógu tengdir lífsskilyrðum efnalítils fólks. (Net- og símakönnun)

Forgangsröðun röng

Af sama meiði voru athugasemdir um að þingmenn forgangsröðuðu ekki í samræmi við hvað skiptir fólk mestu máli.

Sko mér finnst bara sko forgangsröðin vera svo röng. Þeir setja þeir eru bara til dæmis núna í fjögur ár búin að einblína eitthvað á ESB, það eru öll heimilin í landinu í rúst. (Hópur 1)

Fáránleg forgangsröðun í málefnum þjóðarinnar. Þeir sem lofa góðu og koma á þing hafa ekki rými eða þor til að halda því til streitu sem að þeir lofuðu. Vantar meiri kjark inn á alþingi. (Net- og símakönnun)

Mér finnst ekki tekið á alvöru málum, of lítill tími fara í mál sem skipta meira máli. Forgangsröðunin er ekki alveg rétt. (Net- og símakönnun)

Þetta fólk virðist eiga í miklum erfiðleikum með það að forgangsráða þeim málum sem tekin eru fyrir. (Net- og símakönnun)

Vanhæfni þingmanna

Í umræðuhópunum var komið inn á að alþingismenn væru ekki starfi sínu vaxnir. Í fyrri hópunum kom fram að þetta væri persónubundið en engu að síður þá virkuðu þingmenn að þeirra mati oft illa undirbúnir og ekki með nægilega þekkingu á málaflokknum.

En það sem er, mér finnst líka af því við erum að tala um einsleitur hópur ... ekki nógu mikil bakgrunnsþekking og það kemur eiginlega út í því ... þetta er svolítið rétt í þessu að fólk er ekki alveg nógu vel að sér í því sem það er að gera. Það er alltaf verið að stofna nefndir. (Hópur 1)

Mér finnst þetta samt mjög misjafnt. Mér finnst sumir vera alveg úti að aka. En aðrir, öðrum treysti ég mjög vel til þess að vinna vinnuna sína. (Hópur 1)

Bara manni finnst eins og þingmennirnir bara, þeir bara... sem sagt... hafa eiginlega ekki vit á því hvað þeir eru að gera og... jafnvel þegar þeir eru að ræða í stólum að það er... það er ekki nærri því allir sem að ... bara eiginlega vita hvað þeir eru að tala. Illa undirbúnir. Sko... (Hópur 1)

Í net- og símakönnuninni sögðu hátt í 60 manns að þekkingar- og/eða kunnáttuleysi þingmanna væri ástæða fyrir vantrausti þeirra til Alþingis. Í þessu sambandi kom meðal annars fram að ákvarðanir þeirra væru oft teknar út frá einhvers konar hagsmunatengslum frekar en

fagmennsku, þeir hreinlega þekktu ekki málaflokkinn nægilega vel eða virtust ekki hafa getu og/eða þekkingu til að vinna að málefnum með þjóðarhag í huga.

Alþingi tekur ekkert mið af fagmönnum í sérhæfðum málefnum, þar sem ég þekki til. Þótt þeir fái miklar upplýsingar og fólk leggi sig í líma að útskýra fyrir alþingismönnum. Þeir vilja ekki vita og vilja ekki skilja. (Net- og símakönnun)

Þeir setja sig ekki inn í málaflokka nema mjög takmarkað. (Net- og símakönnun)

Það er líka ljóst, að alþingismenn geta ekki haft næga þekkingu á öllum málaflokkum hver um sig en greinileg tilhneiging virðist vera hjá þeim að varast að leita ráðgjafar hjá öðrum en samflokksmönnum. Áhrif ýmissa hagsmuna hópa er of mikið. (Net- og símakönnun)

Þingmenn lítt hæfir, skortir yfirsýn og of mikil hagsmunatengsl af ýmsum toga. (Net- og símakönnun)

Vantar meiri breidd í þekkingu alþingismanna. (Net- og símakönnun)

Þingmenn vita ekki nógu mikið, þekkja ekki lögin og vinna ekki heimavinnuna sína. (Net- og símakönnun)

Aðgerða- og getuleysi

Umræða um aðgerða- og getuleysi þingmanna var ekki áberandi í rýnihópunum. Í fyrri umræðuhópnum veltu þátttakendur því þó fyrir sér hvort nýir þingmenn sem væru allir að vilja gerðir kæmst ekki alla leið með þau mál sem þeir ynnu að. Í því sambandi var meðal annars talað um að þeir kynnu ekki á kerfið t.d. orðræðuna og því kæmst þeir ekki eins langt með mál sín eins og þeir annars myndu vilja.

Þannig að ég velti því fyrir mér sko...[ef viðkomandi er ekki flokksuppalinn] þá þekkirðu ekki þessa umræðu eða þessa tegund af orðræðu og kemur inn á þing og ætlar einhvern veginn, ætlar að gera eitthvað nýtt, ætlar að gera eitthvað öðruvísi... Og þá mögulega bara líturðu út eins og hálfviti bara vegna þess að þú kannt ekki á kerfið, þú kannt ekki orðræðuna. Eitthvað þannig. (Hópur 1)

Það eru margir þarna að reyna að ... gera góða hluti. Svo langt sem þau komast. En þau komast kannski ekkert svo langt. (Hópur 1)

Í svörum þátttakenda í net- og símakönnuninni var vantraust margra aftur á móti komið til af því að þeim fannst vinnubrögð á Alþingi einkennast af getu- og aðgerðaleyzi.

Aðgerðaleyzi gagnvart heimilum landsins. (Net- og símakönnun)

